

Mál nr. 214/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Smáratorg í Kópavogi þ. 1.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.6.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V-1 dags.25.7.2013
3. Bréf V-2 dags. 19.6.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Smáratorg í Kópavogi. Ökumaður A segist hafa ekið suður bifreiðastæðið með fyrirhugaða akstursstefnu til vesturs og litið eftir umferð en ekki séð til ferða B. Ökumaður B segist hafa ekið suðvestur eftir bifreiðastæðinu þegar A hafi verið ekið í hlið B og hafi B verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

Álit.

Ökumanni B bar að veita umferð frá hægri forgang í umrætt sinn. Þess gætti hann ekki og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 13.8.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.